

**Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið**

**17 101**

**Ársreikningur 2025**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	6
Skýringar .....	7

**Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið**

**kt. 710122-0830**

**Reykjastræti 8, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytið er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 21 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 879,6 milljónir og afkoma kr. -252,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -156,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 79,2 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Það er álit mitt að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar sem hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Þær koma fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi eftir því sem við á.

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Menningar-, nýsköpunar og háskólaráðuneytis fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	870.600.000	691.500.000
Sala á vöru og þjónustu .....		0	(69.564)
Framlög, gjafir og aðrar tekjur .....	3	362.637	1.229.851
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	8.666.572	5.189.410
<b>Tekjur samtals</b>		<b>879.629.209</b>	<b>697.849.697</b>
<b>Gjöld</b>			
Tilfærslur .....		20.000.000	0
Laun og launatengd gjöld .....	4	796.039.890	635.359.321
Annar rekstrarkostnaður .....	5	302.034.150	87.691.757
Afskriftir og niðurfærslur .....	6	8.666.572	5.189.410
<b>Gjöld samtals</b>		<b>1.126.740.612</b>	<b>728.240.488</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(247.111.403)</b>	<b>(30.390.791)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármagnsgjöld .....		(4.917.775)	(13.038)
		(4.917.775)	(13.038)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(252.029.178)</b>	<b>(30.403.829)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....		(232.029.178)	(30.403.829)
Rekstrartilfærslur .....		(20.000.000)	0
		(252.029.178)	(30.403.829)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eignir</b>			
Skammtímakröfur .....	7	29.162.493	581.800
Tengdir aðilar .....	8	0	129.511.107
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	9	50.073.033	52.645.575
<b>Eignir samtals</b>		<u>79.235.526</u>	<u>182.738.482</u>
<b>Skuldir</b>			
Aðrar skuldir .....	10	99.668.637	37.970.672
Tengdir aðilar .....	8	86.576.866	14.182.037
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....		49.097.944	34.664.516
<b>Skuldir samtals</b>		<u>235.343.447</u>	<u>86.817.225</u>
<b>Eignir samtals að fráðregnum skuldum samtals</b>		(156.107.921)	95.921.257
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....		(156.107.921)	95.921.257
<b>Eigið fé samtals</b>	11	<u>(156.107.921)</u>	<u>95.921.257</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>79.235.526</u>	<u>182.738.482</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.



## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 .....	718.600.000	0	20.000.000	738.600.000
Fjáraukalög .....	150.400.000	0	3.100.000	153.500.000
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>869.000.000</b>	<b>0</b>	<b>23.100.000</b>	<b>892.100.000</b>
Launabætur .....	1.600.000	0	0	1.600.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>870.600.000</b>	<b>0</b>	<b>23.100.000</b>	<b>893.700.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað) .....	95.921.259	0	(17.981.059)	77.940.200
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>966.521.259</b>	<b>0</b>	<b>5.118.941</b>	<b>971.640.200</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(1.102.629.178)	(20.000.000)	(6.094.030)	(1.128.723.208)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2025 .....</b>	<b>(136.107.919)</b>	<b>(20.000.000)</b>	<b>(975.089)</b>	<b>(157.083.008)</b>

### Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	50.073.033	52.645.575
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	(975.089)	(17.981.059)
	<b>49.097.944</b>	<b>34.664.516</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði. Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

## Skýringar

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Aðrar skuldir

Aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2025	2024
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	870.600.000	691.500.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	8.666.572	5.189.410
	<u>879.266.572</u>	<u>696.689.410</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	718.600.000	0	0	718.600.000
Fjáraukalög .....	150.400.000	0	0	150.400.000
Launabætur .....	1.600.000	0	0	1.600.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>870.600.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>870.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ..	(1.102.629.178)	(20.000.000)	0	(1.122.629.178)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(232.029.178)</b>	<b>(20.000.000)</b>	<b>0</b>	<b>(252.029.178)</b>

	2025	2024
<b>3 Framlög, gjafir og aðrar tekjur</b>		
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	164.855	0
Ýmsar aðrar tekjur .....	197.782	1.229.851
	<u>362.637</u>	<u>1.229.851</u>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	613.491.666	507.257.646
Breyting á áföllu orlofi .....	28.882.370	3.483.456
Launatengd gjöld .....	138.255.433	114.289.113
Samtals launakostnaður .....	780.629.469	625.030.215
Starfsmannakostnaður .....	15.410.421	10.329.106
	<u>796.039.890</u>	<u>635.359.321</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	40,6	35,6

### 5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	1.639.424	1.734.872
Byggingarvörur, almennar .....	0	841.091
Tæki og búnaður til innréttinga .....	350.515	615.776
Ýmis tæki og áhöld .....	1.839.409	2.610.239
Orkugjafir .....	16.173	10.997
Matvæli .....	20.690.607	13.101.969
Almennar rekstrarvörur .....	935.036	1.333.381
Vörukaup, almenn	25.471.164	20.248.325
Kennslu- og föndurvörur .....	464.344	47.260
Vörukaup, sérgreind	464.344	47.260

## Skýringar

	2025	2024
<b>frh. 5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Fundir, námskeið, risna .....	6.302.405	3.482.588
Ferðir, uppihald .....	30.629.140	19.925.404
Akstur .....	1.312.597	350.450
Sérfræðiþjónusta .....	21.605.720	36.983.108
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	47.363	48.972
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	2.482.452	2.854.224
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	3.648.829	3.182.469
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	66.028.506	66.827.215
Samningsbundin kaup og leiga .....	5.240.028	8.119.283
Afnotagjöld .....	22.969.124	14.827.338
Leigugjöld .....	105.339.645	1.501.361
Notkun véla og flutningatækja .....	34.229	182.234
Verkkaup .....	22.199.443	10.631.126
Kostnaðarhlutdeild .....	54.286.177	33.695.915
Tryggingar, lögboðnar .....	1.490	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	210.070.136	68.957.257
Vörukaup .....	0	23.647
Vörur til endursölu og birgðabreyting	0	23.647
Hlutdeild annarra í kostnaði .....	0	(68.411.947)
Annar rekstrarkostnaður samtals	302.034.150	87.691.757
<b>6 Afskriftir og niðurfærslur</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	8.666.572	5.189.410
	8.666.572	5.189.410
	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>7 Skammtímakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	175.855	227.000
Skammtímakröfur .....	1.165.579	354.800
Ýmsar skuldir, endurfl .....	27.821.059	0
	29.162.493	581.800
	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>8 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	(13.336.874)	117.657.773
Kröfur á tengda aðila .....	0	11.853.334
Skuldir við tengda aðila .....	(73.239.992)	(14.182.037)
	(86.576.866)	115.329.070

## Skýringar

### 9 Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2025 31.12.2024

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	49.967.013	52.539.555
Aðrar eignir .....	106.020	106.020
	50.073.033	52.645.575

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025 .....	61.230.015	0	0	106.020	61.336.035
Viðbætur á árinu .....	6.094.030	0	0	0	6.094.030
	67.324.045	0	0	106.020	67.430.065
Afskriftir 01.01.2025 .....	8.690.460	0	0	0	8.690.460
Afskrift ársins .....	8.666.572	0	0	0	8.666.572
	17.357.032	0	0	0	17.357.032
Staða 31.12.2025 .....	49.967.013	0	0	106.020	50.073.033

### 10 Aðrar skuldir 31.12.2025 31.12.2024

Áfallið og ógreitt orlof .....	96.691.431	33.903.179
Viðskiptaskuldir .....	2.977.206	3.957.498
Ýmsar skuldir .....	0	109.995
	99.668.637	37.970.672

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2025	31.12.2024
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	95.921.257	126.325.086
Afkoma ársins .....	(252.029.178)	(30.403.829)
Jöfnuður 31.12. ....	(156.107.921)	95.921.257

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.